

Þingsetning.

Þingforseti, kjörnir fulltrúar og aðrir gestir. Það er virkilega gaman að vera með ykkur hérna í dag á fyrsta haustþinginu okkar saman. Mig langar að byrja á því að þakka starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir að halda utanum þennan viðburð og sjá um skipulagningu og að vera stöðugt að minna okkur á að standa við okkar part á þinginu sem er að vera vel undirbúin og með greiðan aðgang að öllum gögnum. Jafnframt langar mig að þakka öllu því fólki sem hefur setið í nefndum, fagráðum og í stjórn Fjórðungssambandsins fyrir þeirra störf í þágu fjórðungsins á líðandi kjörtímabili. Það er búið að vera einstakur heiður og virkilega ánægjulegt að starfa með öllu þessu frábæra fólki sem hefur tekið að sér að vinna fyrir Vestfirði.

En nú er nýtt kjörtímabil og verk að vinna fyrir okkur öll. Í upphafi skyldi endinn skoða og munum við aðeins horfa fram í tímann, og þar sem ég hef aðeins leyft mér að krydda ræður með dramatík ætla ég að gera slíkt hið sama hér. Ég ætla leyfa mér að taka einhvers frægustu orð nokkurrar ræðu og setja í mína.

Ég á mér draum.

Ég á mér draum að í lok kjörtímabilsins renni auðlindagjald af fiskeldi beint til a hluta sveitarfélaganna án milligöngu fiskeldissjóðs.

Ég á mér draum að í lok kjörtímabilsins munu íbúar á Vestfjörðum geta ferðast óhindraðir innan atvinnusvæða og á milli atvinnusvæða allan ársins hring óhræddir. Og að við horfum til baka á að G reglan í snjómokstri sé bara eins og fjarlæg þjóðsaga sem við trúum eiginlega ekki að hafi nokkurn tíma verið raunveruleg.

Ég á mér draum að í lok kjörtímabilsins muni raforkuöryggi veratryggt, að tvöföldun vesturlínu sé hafin ásamt því að hér sé framleidd sú orka sem við þurfum.

Ég á mér draum að í lok kjörtímabilsins muni samfélagið Vestfirðir vera framúrskarandi samfélag til að búa í og heimsækja, að Vestfirðingar upplifi sig sem eina heild og taki heiður af þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á kjörtímabilinu.

Ég á mér draum að uppbygging í dreifbýli byggðanna okkar sé til staðar og að hér séu blómlegar bjartar byggðir bæði í dreif og þéttbýli.

Ég á mér draum að samstaðan og krafturinn sem einkenndi fund okkar í síðustu viku með ráðherrum verði einkennandi fyrir allt kjörtímabilið.

Ég á mér draum að í lok kjörtímabilsins verði búið að jafna samkeppnisstöðu landshlutans og að Vestfirðir verði þekktir fyrir að vera aflstöð þekkingar, mannlífs og menningar.

En er þetta bara fjarlægur draumur eða eru Vestfirðir raunverulega í sókn? Og getum við verið ósammála en samt verið sterk út á við?

Ég tel svarið við þessu vera að þetta sé ekki bara draumur heldur markmið sem er í seilingarfjarlægð en til þess að ná þessu markmiði þurfum við áfram að sýna þá samstöðu sem við sýndum í síðustu viku og stefna að mikilli sókn á svæðinu sem hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

Við megum ekki vera hrædd við að leyfa öðrum svæðum en okkar eigin að blómstra líka og eigum að styðja við Vestfirði í heild því hér eru tækifærin, hér er duglegt fólk til að fylgja tækifærunum eftir og hér eru metnaðarfullt sveitarstjórnarfólk sem vinnur heilshugar að uppbyggingu svæðisins.

En þá er það spurningin sem er eftir hvernig getum við verið ósammála í sumum málefnum en getum samt verið sterk út á við?

Þeirri spurningu er kannski ekki auðsvarað og verður hver og einn kannski að kafa inn á við hvernig viðkomandi tekst á við það verkefni. Þess vegna tel ég að yfirskrift 67. Fjórðungspings að hausti sé mikilvæg Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á nýju kjörtímabili.

Þegar ég var lítil áttum við systkinin það til að rífast, eða áttum til, vorum alltaf að rífast og tuða. Erum öll mjög ólík, ég var frekar hávær, fyrirferðamikil og talaði mjög mikið (sjokker) bróðir minn var hæglátur og vildi helst hafa rólegheit í kringum sig á meðan litla systir mín að mér fannst var með foreldra mína í vasanum og fékk allt sem hún vildi, þannig að það var erfitt að komast að samkomulagi. Mamma var orðin mjög þreytt á þessu og ákvað að reyna að sætta málin. Í Gufudalnum er mikill birkiskógur og við notuðum oft birki til að kveikja upp í reyk kofanum til að reykja hangikjöt og bjúgu. En mamma safnaði saman 9 greinum fyrir hvert okkar af birki sem voru orðnar vel þurrkaðar og svona aðeins stökkar.

Við fengum svo það verkefni að við ætluðum í kapp hvert okkar yrði fljótast að brjóta greinarnar. Það var ræst og við brutum greinarnar rosalega hratt. En um leið og við vorum búin þá fórum við að rífast um hver vann, og ég vil nú enn þá meina að það var ég sem var fljótust. En verkefnið var bara hálfnað.

Næst var mamma búin að safna öðrum 9 greinum fyrir hvert okkar nema núna var hún búin að binda þær saman í eitt búnt af greinum og nú áttum við að brjóta allar greinarnar í einu. Við reyndum og reyndum eins og við gátum að brjóta greinarnar allar í einu en engu af okkur tókst það. En það var einmitt markmiðið að sýna okkur að samstaða styrkir einstaklingana. Við fötluðum það að sjálfsgöðu ekki þá og fórum bara fljótlega aftur í sama horf, enda börn. En ef við horfum yfir þau 9 sveitarfélög sem eru hérna á Vestfjörðum og við myndum binda þau aðeins betur saman þá skilar samstaðan sér í auknum styrk og engum tekst að brjóta okkur og það er með þetta hugarfar sem ég bið ykkur að fara inn í 67. Fjórðungsping að hausti.